

BRENDA PREHAL

# *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags fyrir hafnarsvæði og suðurbæ Þórshafnar í Langanesbyggð.*



**Byggðasafn**  
Skagfirðinga

Byggðasafn Skagfirðinga

Rannsóknaskýrslur

2022/252

*Forsíðumynd: Mögulegt kuml í landi Þórshafnar, horft til vesturs.*



© Brenda Prehal/Byggðasafn Skagfirðinga  
2022/252

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	1
Tilgangur fornleifaskráningar .....	3
Aðferðarfræði .....	3
Syðra-Lón og Þórshöfn – söguágrip .....	5
Fornleifaskrá .....	7
Samantekt .....	28
Heimildaskrá .....	31
Fylgiskjöl .....	33

## Inngangur

Byggðasafn Skagfirðinga tók að sér skráningu fornleifa vegna deiliskipulaga fyrir hafnarsvæði og Suðurbæ Þórshafnar á Langanesi. Verkefnið var unnið fyrir Langanesbyggð en tengiliður vegna verkefnisins var Anna Kristín Guðmundsdóttir hjá Teiknistofu Norðurlands. Deiliskiplagsvæðið við hafnarsvæði Þórshafnar er um 18,5 hektarar og 29,2 hektarar í Suðurbænum.

Á árunum 2003-2004 var gerð fornleifaskráning í tengslum við gerð aðalskipulags Þórshafnarhrepps en í þeiri skráningu voru ekki skráðar minjar innan þess svæðis sem hér um ræðir (Teikn á lofti ehf., 2013). Árið 2019 gerði Fornleifastofnun Íslands fornleifaskráningu vegna breytinga á Norðausturvegi yfir Brekknaheiði í Langanesbyggð sem nær að hluta yfir sama svæði nú er til skráningar (Gylfi Helgason ofl., 2019).

Í skýrslunni er stutt ágrip af sögu Þórshafnar og Syðra-Lóns, yfirlit yfir fornleifar sem skráðar voru á vettvangi og í lokin eru niðurstöður skráningarinnar teknar saman. Í viðauka er hnitaskrá og yfirlitskort yfir skráningarsvæðið. Skráning á vettvangi fór fram dagana 25. og 26. apríl 2022. Hús innan skráningarsvæða sem eru horfin voru staðsett eftir korti Grétu Bergrúnar Jóhannesdóttur, „Þórshöfn sem var“ (2011) og Langnesinga sögu eftir Friðrik G. Olgeirsson (1998).

Vettvangsvinna, úrvinnsla og skýrsluskrif voru í höndum Brendu Prehal fornleifafræðings.

**Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 2761**



Mynd 1. Yfirlitsmynd. Skráningarsvæðið er afmarkað með rauðu. Útlínur skráningarsvæðis eru fengnar frá Teiknistofu Norðurlands.

## Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spilt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.<sup>1</sup> Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrám með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]“

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

## Aðferðarfræði

Í undirbúnungi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og

<sup>1</sup> Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Til dæmis fær lending í landi Þórshafnar raðnúmerið 1 og framan við það er sett verkefnisnúmer Minjastofnunar [Þórshöfn 2761-1]. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Í umfjöllun um einstaka minjar í skýrslunni er nafn jarðarinnar sett framan við númerið til aðgreiningar.

Lagt er mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarástöðum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: [www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is). Þar sem einungis eru fyrirliggjandi útmörk deiliskipulagssvæðis en ekki fyrirhuguð framkvæmdasvæði er einungis gert almennt hættumat fyrir minjarnar. Hættumat einstakra minja getur því breyst þegar farið er í framkvæmdir innan deiliskipulagssvæðanna.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1m í skekkju.

Yfirlitsmyndir er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmyndir voru fengnar hjá verkkaupa.

## Syðra-Lón og Þórshöfn – söguágrip

Kauptúnið Þórshöfn stendur við austanverðan Lónafjörð í Langanesbyggð og er byggt úr landi jarðarinnar Syðra-Lóns. Árið 1962 keypti Þórshafnarhreppur kauptúnslandið af eigendum Syðra-Lóns. Bærinn í Syðra-Lóni stendur norðan þorpsins (LS II 2000, bls. 85).

Syðra-Lón var í landnámi Ketils þistils sem nam Þistilfjörð milli Hundsness og Sauðaness (*Landnámabók*, bls. 287). Jörðin kemur fyrst fyrir í rekaskrá Hólastaðar og Möðruvallaklausturs frá árinu 1296 þar nefnd Guðmundarlón (DI II, bls. 306). Guðmundarlóns nafnið kemur fyrir í gömlum heimildum en í jarðabók 1712 segir „Guðmundar lón, kallast almennilega Syðra lón“ og í jarðatolum 1847 og 1861 er hún nefnd Syðra-Lón (*Jarðabók*, bls. 372; *Jarðatal*, bls. 346; *Ný jarðabók*, bls. 131; LS I 1998, bls. 40). Upphaflega voru Syðra-Lón og Ytra-Lón ein jörð sem hefur snemma verið skipt í tvær (LS I 1998, bls. 40). Syðra-Lón var að fornu metin á 12 hundruð (*Jarðatal*, bls. 346).

Kauptúnið stendur við vík sem var góð höfn frá náttúrunnar hendi og hefur frá fornu verið nefnd Þórshöfn. Kauptúnið dregur nafn af henni. Þar var besta skipalægi á Langanesi (LS, 1998, bls. 327). Heimræði var einnig frá Syðra-Lóni og segir í jarðabók 1712 að lending sé góð og skipsuppsátur, „... og mega gánga so mörg skip sem ábúendur fá við komið. Einn bátur gengur hjer nú“ (bls. 373). Þórshöfn varð snemma viðkomustaður erlendra skipa og er elsta heimild um komu millilandaskips frá árinu 1370 (LS I 1998, bls. 51). Á 15. öld og fyrri hluta þeirrar 16. er lítið vitað um siglingar til Þórshafnar en talið líklegt að þangað hafi af og til komið verslunarskip (LS I 1998, bls. 51). Í lok 16. aldar var mikið um kaupskipakomur til Íslands og m.a. til Þórshafnar. Til Þórshafnar komu einkum einkum Þjóðverjar og kölluðu þeir staðinn Dureshaue. Með tilkomu einokunarverslunar 1602 lagðist sigling á Þórshöfn niður og var þá verslun sótt til Vopnafjarðar eða Húsavíkur. Árið 1846 varð Þórshöfn löggildur verslunarstaður en ekki komst strax á föst verslun. Fyrst í stað voru Ørum & Wulff með sumarviðskipti og þangað komu lausakaupmenn sem höfðu varning sinn um borð í skipunum. Sumarið 1870 byrjaði Gránufélagið að sigla með vörur til Þórshafnar og hélst sú verslun í um two áratugi. Árið 1891 stofnuðu Langnesingar Pöntunarfélag sem fljótlega eignaðist aðstöðu á Þórshöfn og í framhaldi af því reistu Ørum & Wulff sér verslunar- og íbúðarhús árið 1897. Upphaf þéttbýlismyndunar á Þórshöfn má fyrst og fremst rekja til verslunar en fyrrnefndar verslanir þurftu starfsfólk. Smám saman fjöldaði íbúum staðarins og stunduðu jafnframt margir smá

búskap með. Fyrsta húsið sem reis á Þórshöfn var skemma sem Jón Benjamínsson bóndi byggði um 1880 og fimm árum síðar var önnur skemma reist og eftir það fjölgaði verslunar- og íbúðarhúsnaði. Þessi elstu hús stóðu á eyri við höfnina sem nefnd var Plássið, þar sem nú er hafnarsvæði Þórshafnar. Árið 1901 voru íbúar þorpsins 88. Í upphafi 20. aldar hófst vélbaðaútgerð frá Þórshöfn og kauptúnið stækkaði og fljótlega varð sjávarútvegur helsti atvinnuvegurinn (Friðrik G. Olgeirsson, 1996). Árið 1937 hófst vinna við hafnarframkvæmdir og 1938 var gerður hafnargarður og árið 1939 var gerð steinbryggja sunnan við gamla Ørum & Wulffhússins (LS II 2000, bls. 118).

### **Fornbýli**

Í jarðabók 1712 er getið um Hrossavelli, fornt eyðiból sem var milli Syðra-Lóns og Ytri-Brekkna. „... [E]ru þar sýnileg byggingamerki tóftarústa og stórra girðinga, en ekki hefur þar búið verið frá gamallri tíð. Ekki má hjer aftur byggja, því túnið er komið í svarðleysumýri.“ (Jarðabók, 373). Í Sýslu- og Sóknalýsingum frá 1840 er getið um eyðihjáleigurnar Guðlaugarhús og Fossvelli (bls. 287). Guðlaugarhús voru norðan bæjar og utan þess svæðis sem hér er fjallað um (bls. 2). Í örnefmaskránni er ekki getið um Hrossavelli en þar er getið um Fossvelli sem stóðu undir Fossárbrekkum (bls. 4). Líklegt verður að teljast að býlið Hrossavellir og Fossvellir séu eitt og hið sama og hefur það að líkindum staðið þar sem nú er spennustöð RARIK (sjá Gylfi Helgason ofl., 2016, bls. 31-32). Leifar býlisins eru rétt utan þess svæðis sem er hér til umfjöllunar.

## Fornleifaskrá

### Pórshöfn 2761-1

**Hlutverk:** Lending

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Ómetið

#### Staðhættir og lýsing

Heimildir geta uppsáturs og lendingar á Syðra-Lóni en ekki er getið um staðsetningu. Lending er neðan við bæinn á Syðra-Lóni og var hún notuð fram um 1960. Ekki er ólíklegt að átt sé við þá lendingu í jarðabók 1712 en ekki hægt að útiloka að útræði hafi verið úr frá Pórshöfn, víkinni þar sem höfnin er í dag.

#### Aðrar upplýsingar

Í Jarðabók 1712 segir: „Heimræði er hjer, lending er góð og skipsuppsátur, og mega ganga so mörg skip sem ábúendur fá við komið. Einn báтур gengur hjer nú“ (bls. 372-373).

### Pórshöfn 2761-2

**Hlutverk:** Uppsátur

**Tegund:** Heimild


**Hættumat:** Ómetið

#### Staðhættir og lýsing

Heimildir geta uppsáturs og lendingar á Syðra-Lóni en óvist er hvort það var við lendinguna sem er sunnan við bæinn í Syðra-Lóni eða hvort gert hafi verið út frá Pórshöfn.

#### Aðrar upplýsingar

Í jarðabók 1712 segir: „Heimræði er hjer, lending er góð og skipsuppsátur, og mega gianga so mörg skip sem ábúendur fá við komið. Einn báтур gengur hjer nú“ (bls. 372-373).



Mynd 2. Minjar 2761-3-17 merktar inn á loftmynd frá 1958. LMÍ.

### Pórshöfn 2761-3

**Sérheiti:** Félagsbryggja (frá 1918)

**Hlutverk:** Bryggja

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Horfið

### Staðhættir

Gömlu trébryggjurnar voru rétt fyrir austan Pakkhúsið [2761-9], þar sem er nú bílastæði (kort 1 og mynd 2).

### Lýsing

Bryggjurnar eru horfnar en voru staðsettar eftir lýsingu í Langnesingasögu (I 1998, bls. 332-334).

## Aðrar upplýsingar

Í Langnesingasögu segir: „Frá því að föst verslun var sett á fót í fyrsta skipti á Þórshöfn árið 1897 og langt fram á 20. öld var notast við litlar og ótraustar trébryggjur, svokallaðar búkkabryggjur. Þær þurfti stöðugt að endurnýja því þeim var hætt í vetrarveðrum. Lengst af voru þær tvær en um stuttan tíma þrjár. Fyrstu bryggjuna byggði verslunin Ørum & Wulff og notaði hana jöfnum höndum til uppskipunar á vörum og til að taka á móti fiski til verkunar. Bryggju þessa eignuðust þeir Jóhann Tryggvason og Jón Björnsson árið 1918 og var hún eftir kölluð Félagsbryggja“ (LS II 2000, bls. 115). Hún var notuð þar til í nóvember 1961 þegar stormur braut það sem eftir var af henni (LS II 2000, bls. 118, 123).

## Þórshöfn 2761-4

**Sérheiti:** Kaupfélagsbryggja

**Hlutverk:** Bryggja

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Horfið

### Staðhættir

Ekki er getið um nákvæma staðsetningu Kaupfélagsbryggjunnar í heimildum en hún var líklega í námunda við Félagsbryggjurnar [2761-3] (kort 1 og mynd 2).

### Lýsing

Bryggjurnar eru horfnar en voru staðsettar eftir ljósmynd sem prýðir forsíðu kortsins „Þórshöfn sem var“ frá ca. 1920-30 (Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, 2011).

## Aðrar upplýsingar

Bryggja Kaupfélagsins annaðhvort byggð um eða upp úr 1911 eða 1919. Í II. bindi Langnesingasögu segir: „Innar á eyrinni gerði Kaupfélag Langnesinga bryggju fljótlega eftir að það hóf að starfa [1911], svokallaða Kaupfélagsbryggju“ (LS II 2000, bls. 115). Um bryggjuna segir í I. bindi „Sama ár og verslunin tók til starfa [1919] eignaðist kaupfélagið Pöntunarhúsið sem upphaflega var í eigu Pöntunarfélags Þórshafnar. Um líkt leyti byggði félagið timburbryggju á grjótbúkkum og eignaðist uppskipunarbát“ (LS I 1998, bls. 323). Árið 1942 keypti Sauðaneshreppur Kaupfélagsbryggju og hún var notuð þar til í nóvember 1961 þegar stormur braut það sem eftir var af henni (LS II 2000, bls. 118, 123).

## Þórshöfn 2761-5

**Sérheiti:** Skemman

**Hlutverk:** Skemma, híbýli

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Horfið

### Staðhættir

Skemman stóð í austanverðu Plássinu, vestan við Eyjaveg 3 (kort 1).

### Lýsing

Skemman var byggð árið 1880 og var fyrsta húsið á Þórshöfn og líklega einnig fyrsta íbúðarhúsið í plássinu. Það var úr timbri og tjörupappa en var rifið árið 1977 (LS I 1998, bls. 328).

### Aðrar upplýsingar

Á kortinu „Þórshöfn sem var“ segir: „Skemman var byggð til að geyma vörur fyrir Gránufélagið ... Það var búið í því [húsinu] milli 1880-1889, síðan notað fyrir söðlasmiði og líklega sem skólahús. Notað sem íbúðarhús á milli 1920-1954, eftir það sem geymsla. Skemman var rifin árið 1977“ (Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, 2011).

## Þórshöfn 2761-6

**Sérheiti:** Jóhannshús/Ingimarthús

**Hlutverk:** Verslun, híbýli

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Horfið

### Staðhættir

Húsið stóð norðvestan við Verslunarhús Ørum & Wulff [2761-8], þar sem nú er Eyjavegur 12 og bílastæði (kort 1).

### Lýsing

Húsið var timburhús, byggt árið 1886 sem fyrsta fasta verslunin á Þórshöfn. Það var rifið árið 1976 (LS I 1998, bls. 315; 329-330).

### Aðrar upplýsingar

Á kortinu „Þórshöfn sem var“ segir: „Byggt árið 1886 af Jóhanni Jónssyni og Arnþrúði konu hans. Seinna nafn hússins er komið frá fóstursyni þeirra er Ingimar Baldvinsson hétt. Undir lok 19. aldar var verslun í húsinu um stuttan tíma og frá 1929-1950 var póstur og sími með herbergi í húsinu til afnota“ (Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, 2011).

## **Pórshöfn 2761-7**

**Sérheiti:** Pöntunarhúsið

**Hlutverk:** Geymsla

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Horfið

### **Staðhættir**

Pöntunarhúsið stóð norðan við Jóhannshús/Ingimarthús [2761-6], þar sem er nú Eyjarvegur 12 (kort 1).

### **Lýsing**

Pöntunarhúsið var byggt árið 1895/1896 og var úr timbri. Það var 15 x 7,5m að stærð og var rifið árið 1968 (LS I 1998, bls. 330).

### **Aðrar upplýsingar**

Á kortinu „Pórshöfn sem var“ segir: „Byggt árið 1896 af Pöntunarfélagi Pórshafnar. Síðar eignast Verslun Ørum og Wulff húsið og loks Kaupfélag Langnesinga. Það þjónaði framan af hlutverki vörugeymslu, síðar sláтурhús og salthús. Það var rifið árið 1968“ (Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, 2011).

## **Pórshöfn 2761-8**

**Sérheiti:** Verslunarhús Ørum & Wulff/Félagahús/Símstöðin

**Hlutverk:** Verslun, híbýli ofl.

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Horfið

### **Staðhættir**

Húsið stóð á sunnanverðu Plássinu, sunnan við Jóhannshús/Ingimarthús [2761-6], þar sem er nú bílastæði (kort 1).

### **Lýsing**

Húsið var úr timbri og portbyggt. Það var reist árið 1897 og sneri A-V. Það var 17,55 x 8,78m að stærð með 10 herbergja íbúð, verslun, skrifstofu faktors, geymslulofti og tveir kjallrar voru undir húsinu. Húsið brann árið 1966/67 (LS I 1998, bls. 331-332).

### **Aðrar upplýsingar**

Á kortinu „Pórshöfn sem var“ segir: „Byggt árið 1897 af verslun Ørum & Wulff. Þjónaði ýmsum hlutverkum verslunar og þjónustu, var lengi kallað Félagahús og síðar Símstöðin. Húsið brann árið 1966“ (Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, 2011).

## **Pórshöfn 2761-9**

**Sérheiti:** Pakkhúsið/Glæpaloftið

**Hlutverk:** Vörugeymsla, sláthrhús, verbúð ofl.

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Horfið

### **Staðhættir**

Húsið stóð í miðju Plássinu, norðaustan við Verslunarhús Ørum & Wulff [2761-8], þar sem er nú bílastæði (kort 1).

### **Lýsing**

Pakkhús Ørum & Wulff var byggt árið 1899 og sneri stöfnum N-S. „Á þeirri hlið hússins sem sneri að höfninni voru þrír gluggar og tvær stórar hurðir. Bryggja verslunarinnar var beint niður af nyrðri dyrunum. Seinna var byggður skúr við hús þetta“ (LS I 1998, bls. 334). Pakkhúsið var rifið um árið 1990.

### **Aðrar upplýsingar**

Á kortinu „Pórshöfn sem var“ segir: „Pakkhúsið var byggt árið 1899 sem vörugeymsluhús fyrir Verslun Ørum & Wulff og gegndi síðar um tíma hlutverki kjötverkunar og sláthrhúss. Seinna var einnig verbúð í risinu of fékk hún gaelunafnið Glæpaloftið. Pakkhúsið var síðustu árin í eigu hraðfrystistöðvar Pórshafnar og meðal annars notað til að salta gærur. Þar var rifið um 1990“ (Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, 2011).

## **Pórshöfn 2761-10**

**Hlutverk:** Sláthrhús, fjárrétt

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Engin hætta

### **Staðhættir**

Sláthúsið stóð vestan við Pakkhúsið [2761-9], þar sem er nú bílastæði (kort 1).

### **Lýsing**

Sláthúsið var úr timbri og var 15 x 6,27m að stærð. Byggt af Ørum & Wulff um aldamótin 1900 (LS I 1998, bls. 334).

## **Pórshöfn 2761-11**

**Hlutverk:** Mörbræðsluhús, fiskihús

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Horfið

#### **Staðhættir**

Mörbræðsluhúsið og fiskihúsið stóðu í austanverðu Plássinu, austan við Pakkhúsið [2761-9], þar sem er nú bílastæði (kort 1).

#### **Lýsing**

Mörbræðsluhúsið og fiskihúsið voru sambyggt, hvort þeirra 6,90 x 3,76m að stærð. Byggð af Ørum & Wulff um aldamótin 1900 (LS I 1998, bls. 334).

### **Pórshöfn 2761-12**

**Sérheiti:** Friðrikshús/Porsteinshús/Birkihlíð

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Horfið

#### **Staðhættir**

Húsið stóð norðan við Pöntunarhúsið [2761-7] (kort 1).

#### **Lýsing**

Húsið var byggt árið 1899 sem tvílyft íbúðarhús með tveimur íbúðum. Það var úr timbri og var keypt af Þorsteini Arnljótssyni árið 1905. Það var endurbætt og stækkað árið 1915 (11,91 x 9,40m að stærð) og brann árið 1948 og hét þá Birkihlið (LS I 1998, bls. 335).

### **Pórshöfn 2761-13**

**Sérheiti:** Ágústshús

**Hlutverk:** Þurrabúð

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Horfið

#### **Staðhættir**

Ágústshús stóð norðvestan við Friðrikshús/Porsteinshús [2761-12], þar sem gamla sundlaugin var, vestan við Eyjarveg 8 (kort 1).

#### **Lýsing**

Húsið var byggt árið 1901 úr timbri og torfi í burstabæjar stíl. Það var 5 x 3,76m að stærð. Ekki er vitað hvenær húsið var rifið. „Til hliðar var geymsluhús, 3,76 x 2,82 m“ (LS I 1998, bls. 340).

## **Pórshöfn 2761-14**

**Sérheiti:** Björnshús/Helgahús/Hafblik

**Hlutverk:** Verslun, híbýli

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Horfið

### **Staðhættir**

Húsið stóð fast norðan við Skemmuna [2761-5], þar sem er nú bílastæði (kort 1).

### **Lýsing**

Húsið var byggt árið 1906. Það var tveggja hæða úr timbri, portbyggt og 8,80 x 6,30m að stærð.

Það var rifið fyrir 1990 (LS I 1998, bls. 342).

## **Pórshöfn 2761-15**

**Sérheiti:** Þorsteinsverslun

**Hlutverk:** Verslun

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Horfið

### **Staðhættir**

Hús Þorsteinsverslunar stóð vestan við Jóhannshús/Ingimars hús [2761-6], þar sem er nú Eyjavegur 12 (kort 1).

### **Lýsing**

Húsið var byggt árið 1910 og var fyrsta steinsteypuhúsið á Pórshöfn. Það var tvíflyft, 11,60 x 7,84m að stærð, 8,78m á hæð og kjallari undir því. Það brann árið 1956 (LS I 1998, bls. 343).

### **Aðrar upplýsingar**

Húsið var keypt af Kaupfélagi Langnesinga „... [sem] hafði þar verslunar og skrifstofuhúsnaði þar til það brann árið 1956“ (Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, 2011).

## **Pórshöfn 2761-16**

**Sérheiti:** Brimborg

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Horfið

### **Staðhættir**

Húsið stóð vestan við Þorsteinsverslun [2761-15], þar sem er nú Hafnarvegur 2-6 (kort 1).

## **Lýsing**

Brimborg var byggt á árum 1917-1918 úr steinsteypu. Það var 13,80 x 8,80m að stærð og tveggja hæða. Húsið var rifið árið 1986 (LS I 1998, bls. 349).

## **Pórshöfn 2761-17**

**Sérheiti:** Búðardalur/Meyjarland

**Hlutverk:** Verslun, salthús

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Horfið

### **Staðhættir**

Húsið stóð norðan við Björnshús/Helgahús/Hafblik [2761-14], sunnan við Eyjaveg 8 (kort 1).

## **Lýsing**

Húsið var byggt árið 1884 á Heiðarhöfn og flutt í heilu lagi til Pórshafnar á árunum 1918-1919. Það var úr timbri, tveggja hæða og 7,67 x 5,8m að stærð. Húsið var rifið árið 1993 (LS II 2000, bls. 58).

## **Aðrar upplýsingar**

Húsið var byggt af Gránufélaginu á Heiðarhöfn sem fiskverkunarhús og síðar keypt og flutt til Pórshafnar af Kaupfélagi Langnesinga. „Árið 1919 var opnuð þar verslun“ (LS II 2000, bls. 58).

## **Pórshöfn 2761-18**

**Sérheiti:** Garður

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Horfið

### **Staðhættir**

Garður stóð þar sem nú er Fjarðarvegur 31 (kort 2).

## **Lýsing**

Húsið var byggt árið 1925 úr torfi og timbri. Það var tvílyft og 8,78 x 3,76m að stærð. Garður var rifinn um 1970 (LS II 2000, bls. 62).

## **Pórshöfn 2761-19**

**Hlutverk:** Fjós

**Tegund:** Heimild


**Hættumat:** Horfið

### Staðhættir

Húsið stóð þar sem nú er Fjarðarvegur 31 (kort 2).

### Lýsing

Fjósið tilheyrði Garði og var við hlið hússins (LS II 2000, bls. 58).



Mynd 3. Minjar 2761 20-31.

### Pórshöfn 2761-20 (2160-25)

**Sérheiti:** Hrossavellir/Fossvellir

**Hlutverk:** Býli

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Ómetið

### Staðhættir

Um 3m austan við deiliskipulagssvæðið var fornbýli sem er horfið og þar er nú spennistöð RARIK (kort 2).

## Lýsing

Býlisins Hrossavalla er getið í Jarðabók 1712 (bindi XI, bls. 373). Líklegt er að Hrossavellir séu sama býli og Fossvellir sem getið er í örnefnaskrá Syðra-Lóns (bls. 517) og Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1840 (bls. 287). Leifar þessa býlis voru skráðar í tengslum við breytingu á Norðausturvegi yfir Brekknaheiði árið 2019. Í skýrslunni segir: „Á loftmynd af Pórshöfn frá 1958 sést myndarlegt gerði og tóft um 230m norðaustan við íbúðarhús Ásgarð (b. 1942) og rúmum 80 m norðan við Norðausturveg (85) yfir Brekknaheiði. Minjarnar eru um 70 m austan við mógrafir og tóftir 075. Minjarnar eru horfnar undir spennustöð Rariks og engin ummerki um þau sjást lengur á yfirborði vettvangi. Ekki er útilokað að enn sé hluti þessara minja óraskaður en það er ólíklegt. Minjarnar voru á mörkum mosagróins ás til austurs og mýrlendis til vesturs. Svæðið hallar lítillega til suðvesturs. Á loftmyndinni sést gerði sem myndar hálfring og má ætla að vesturhluti þess hafi verið sokkinn í mýri þegar myndin var tekin og/eða verið raskað af mógröfum og tóftum 075. Minjarnar voru á svæði sem er 80 x 60m stórt svæðis sem snýr norður-suður samkvæmt loftmynd af svæðinu frá 1958. Hér neðar fá minjarnar sér númer til aðgreiningar. Gerði 1: Gerðið sést aðeins sem hálfbogi og líklega afmarkað svæði um 90 m í þvermáli en sést aðeins sem afmarkað svæði sem er 80 x 60m að stærð. Það er á grónu og þurru svæði til vesturs en hverfur undir mýri og mógrafarsvæði 075-1 til austurs. Líklega hefur gerðið náð lengra til austurs en ekki er hægt að segja hve langt það hafi náð. Gerðið hefur líklega afmarkað tún lítils býlis og því gegnt hlutverki túngarðs. Tóft 2: Tóftin virðist hafa verið 10 x 5m að stærð og sneri hér um bil norður-suður. Tóftin virðist einföld af loftmyndinni að dæma. Hlutverk þessara minja er ekki þekkt. Í örnefnaskrá segir þó: „Nokkru neðan við Álfasunds [sjá 022] skammt frá ánni var gamalt býli, sem hét Fossvellir.“ Þar kemur einnig fram að hún hafi sokkið í mýrina. Ekki er þó hægt að segja af eða á um það án frekari rannsókna“ (Gylfi Helgason o.fl. 2019, bls. 31-32).

## Aðrar upplýsingar

Í jarðabók 1712 segir: „Hrossavellir kallast fornt eyðiból hjer landinu millum merki tóftarústa og stórra girðinga, en ekki hefur þar búið verið frá gamallri tíð. Ekki má hjer aftur byggja, því túnið er komið í svarðleysumýri“ (bindi XI, bls. 373).

## Pórshöfn 2761-21 (2160-31-33)

**Hlutverk:** Mógröf

**Tegund:** Niðurgröftur

**Hættumat:** Engin hætta

## **Staðhættir**

Um 140m ANA við íbúðarhúsið Ásgarð og um 50m vestan við spennustöð RARIK eru mógrafir (sjá kort 2) og suðaustan þeirra mótóftir sem eru utan deiliskipulagssvæðis.

## **Lýsing**

Fornleifastofnun Íslands skráði mógrafrnar árið 2019. Í skýrslunni segir: „Minjasvæðið er 100 x 80 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. ... Mógrafrir 1: Mógrafrnar eru á svæði sem er 80 x 60 m að stærð og snýr austur-vestur. Innan þess má greina 5-6 grafir en þær eru mikið grónar og fallnar saman og þær hafa vafalaust verið mun fleiri áður fyrr. Grafrnar eru flestar 15 x 13 m að stærð og snúa austur-vestur. Þær eru 0,5 m djúpar og vex starargróður í botni þeirra. Hugsanlega hafa grafinar náð lengra til vesturs, en ef svo er, eru þær þar vel grónar og sjást því ekki skýrt“ (Gylfi Helgason o.fl. 2019, bls. 34-35).

## **Pórshöfn 2761-22 (2160-34)**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Hættumat:** Engin hætta

## **Staðhættir**

Um 180m austan við þjóðveginn og um 75m suðaustan við íbúðarhúsið Ásgarð er þúst (kort 2).

## **Lýsing**

Skráning var gerð af Fornleifastofnun Íslands í árið 2019. Í skýrslunni segir: „Þústin er 8-9 x 9-10m stór og snýr norður-suður. Hún er nokkuð afgerandi og 0,2-0,3 m hærri en umhverfið og flöt í toppinn. Sunnan við hana er grunnur skurður en suðurbrún þústarinnar er óskýr. Vestan við hana gæti einnig hafa legið gamall skurður eða lagnaleið, a.m.k. línuleg dæld í gegnum túnið. Ekkert hús er á þessum stað þegar loftmynd er tekin árið 1958 og ekki er vitað hvað kann að hafa staðið þar áður eða hversu gamalt ummerkin kunna að vera [sic] (Gylfi Helgason o.fl. 2019, bls. 36).

## **Pórshöfn 2761-23 (2160-11)**

**Sérheiti:** Vegamót

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Engin hætta

## **Staðhættir**

Um 120 m austan við þjóðveginn og um 115m sunnan við íbúðarhúsið Ásgarð var torfbær sem nefndist Vegamót (kort 2).

## **Lýsing**

Fornleifaskráning í Vegamótum var gerð af Fornleifastofnun Íslands í árið 2019. Í skýrslunni segir: „Í túni Vegamóta má greina mannaverk á nokkrum stöðum en er allt svæðið hér skráð undir einu og sama númerinu en hver staður fær undirnúmer til aðgreiningar. Svæðið er samtals 110 x 70m stórt (austur-vestur) en flestar mannvirkir eru á 50 x 25m bletti (austur-vestur) í kringum bæjarhúsin. ... Hús 1 sem enn hangir uppi á Vegamótum er einfalt timburhús með liggjandi borðklæðningu og mænisþaki. Það hefur verið notað sem geymsla á seinni hluta búsetu á býlinu er upphaflega byggt sem íbúðarhús 1937. Þær leifar sem nú sjást um húsið eru 8,5 x 5m að stærð og snýr það norður-suður. Húsið er ein hæð, án kjallara. Pakgrindin og veggir standa að talsverðu leyti þótt þakklæðningin sé að mestu farin og sömuleiðis gler úr gluggum og dyr. Ytra birði hússins er því opið og ástand þess eftir því. Af myndum í bók um Eyðibýli á svæðinu sem byggir á vettvangsskoðun 2012 má sjá að húsið hefur talsvert látið á sjá síðar en þá var t.d. bárujárnsklætt þak á því. Upp úr miðju þaki er skorsteinn. Timburklæðing er yfir þaki allra norðaustast en annars ekki og allt bárujár er farið. Á þakleifunum má sjá að torf hefur verið notað til einangrunar og hanga sum staðar torfsnepplar niður með þakgrindinni. Windskeið eru á húsinu. Framhlið hússins snýr til vesturs, að sjó. Á henni eru dyr rétt austan við miðju og tveir gluggar beggja vegna við. Gluggi er á suðurgafli og einnig á norðurgafli. Norðan við húsið er svoltill torfkragi og minna áberandi torf sunnan við en samkvæmt Langnesingasögu voru lágir timburveggir á þessum slóðum. Húsið er fullt af rusli, þar er timbur, járnrusl, pípur, net, kaðlar og fleira. Enn má sjá að því hefur verið skipt upp í tvö meginrými, norður- og suðurrými en í nyrðra rýminu allra austast hefur líka verið lítið afstúkað rými og úr því sjálfsagt innangengt í hús úr torfi að húsabaki (austan við, sjá 02). Húsið var fyrsta íbúðarhúsið á þessum stað en síðar var, eins og fyrr segir, byggt hús úr steypu á sama stað (sjá 05) og líklega hefur timburhúsið verið nýtt sem geymsla og eða smíðahús eftir að flutt var í yngra húsið. Veðramót er opið fyrir veðrum og vindum og er að hruni komið.“ (Gylfi Helgason o.fl. 2019, bls. 23-26). Frekari upplýsingar má finna í skýrslunni „Fornleifaskráning vegna breytinga á Norðausturvegi yfir Brekknaheiði í Langanesbyggð. FS770-19321“. Húsið var rifið einhvern tíma á árunum 2019-2021.

## Aðrar upplýsingar

Í Langnesinga sögu segir: „Árið 1937 byggðu hjónin Sigurjón Sigurðsson útvegsbóndi og Þorgerður Sigurðardóttir lítinn torfbæ sunnan þorpsins skammt norðan Fossár. Húsið nefndu þau Vegamót. Hann er 7,5 x 4,4 metrar að stærð. Torfveggir eru upp að gluggum, timbur þar fyrir ofan og timbur og járnþak. Inngangur er á miðju húsi …“ (2000, bls. 71-77). Árið 1948 var reist steinsteypt íbúðarhús á einni hæð með risi fyrir framan við torfbæinn. Húsið var 10 x 7,5m að utanmáli (LS I 2000, bls. 71-77).

## Pórshöfn 2761-24 (2160-12)

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Engin hætta

### Staðhættir

Fast austan eða ofan við híbýli [2761-23] var útihús (kort 2).

### Lýsing

Fornleifaskráning í Vegamótum var gerð af Fornleifastofnun Íslands í árið 2019. Í skýrslunni segir: „Það er í grunninn úr torfi og grjóti með timburgrind sem er að falli komin. Húsið er fast ofan við timburhúsið og líklega hefur verið innangengt á milli. Húsið er um 9 x 6 m stórt og snýr norður-suður. Timburgrind hússins hangir upp að hluta en þakið er alveg fallið inn í það og því ekki hægt að kanna það að innan. Veggir hafa verið torfhlaðnir og er vegghleðslan vönduð, klömbruhnaus. Torfveggir eru hlaðnir í um 1.5 m hæð. Dyr hafa líklega verið syðst á vesturgafli en hleðslur eru of hrundar til að hægt sé að fullyrða um það“ (Gylfi Helgason o.fl. 2019, bls. 23-26). Frekari upplýsingar má finna í skýrslunni „Fornleifaskráning vegna breytinga á Norðausturvegi yfir brekknaheiði í Langanesbyggð. FS770-19321“. Húsið var rifið einhvern tíma á árunum 2019-2021.

## Pórshöfn 2761-25 (2160-13)

**Hlutverk:** Matjurtagarður?

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Engin hætta

### Staðhættir

Austan við útihús [2761-24] voru torfhleðslur (kort 2).

## Lýsing

Fornleifaskráning í Vegamótum var gerð af Fornleifastofnun Íslands í árið 2019. Í skýrslunni segir: „Austan við torfhús 02 [2761-23] eru óræðar torfleifar, líklega hluti af kálgarði 03. Svæðið 10 x 7 m stórt norður-suður. Það er fagurgrænt og endar í eins skonar stalli eða torfvegg allra austast, allra skýrast norðaustast þar sem um torfhleðslu er að ræða 2 m á breidd og 0,2 m á hæð, grasi gróinn. Í norðvesturhorni er vex enn svolítill rabbabari“ (Gylfi Helgason o.fl. 2019, bls. 23-26). Frekari upplýsingar má finna í skýrslunni „Fornleifaskráning vegna breytinga á Norðausturvegi yfir brekknaheiði í Langanesbyggð. FS770-19321“. Svæðið var sléttat einhvern tíma á árunum 2019-2021.

## Pórshöfn 2761-26 (2160-14)

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Hættumat:** Engin hætta

### Staðhættir

Um 3m sunnan við matjurtagarð [2761-25] er þúst (kort 2).

## Lýsing

Fornleifaskráning í Vegamótum var gerð af Fornleifastofnun Íslands í árið 2019. Í skýrslunni segir: „Sunnarlega á bæjarstæðinu er fagurgræn og ávöl hæð, 04, sem sker sig á afgerandi hátt úr umhverfinu og þar eru greinilega mannvistarlög undir sverði. Á svæðinu vex arfi og vel má vera að þar hafi myndast haugur sem mokað hafi verið úr skepnuhúsum á svæðinu en einnig er mögulegt að þarna hafi einfaldlega verið rutt saman efni. Hæðin liggar samsíða húsunum að sunnan og er samtals 28 x 13 m stór, austur-vestur. Hún er 0,2-0,3 m á hæð“ (Gylfi Helgason o.fl. 2019, bls. 23-26). Frekari upplýsingar má finna í skýrslunni „Fornleifaskráning vegna breytinga á Norðausturvegi yfir brekknaheiði í Langanesbyggð. FS770-19321“.

## Pórshöfn 2761-27 (2160-15)

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Þúst

**Hættumat:** Engin hætta

### Staðhættir

Rétt vestan við híbýli [2761-23] voru útihús (kort 2).

## **Lýsing**

Fornleifaskráning í Vegamótum var gerð af Fornleifastofnun Íslands í árið 2019. Í skýrslunni segir: „Vestan við íbúðarhúsið á Vegamótum er greinilegur stallur í brekkunni 05. Stallurinn er um 14 m í þvermál og 0,2-0,3 m á hæð, en af gamalli loftmynd að dæma hefur húsið staðið allra austast á honum og að hluta fyrir austan hann og má vera að stallurinn sé samsettur úr efni sem rutt hefur verið út eftir að jafnað var úr leifum hússins. Af loftmyndinni að dæma var húsið um 11 x 8 m að grunnfleti. Íbúðarhús hafði lengið staðið autt og var að falli komið 2005 og þá kveikt í því og það notað fyrir brunaliðsæfingu og rústirnar rifnar í kjölfarið“ (Gylfi Helgason o.fl. 2019, bls. 23-26). Frekari upplýsingar má finna í skýrslunni „Fornleifaskráning vegna breytinga á Norðausturvegi yfir brekknaheiði í Langanesbyggð. FS770-19321“.

## **Pórshöfn 2761-28 (2160-16)**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Um 85m suðvestan við híbýli [2761-23] er þúst (kort 2).

## **Lýsing**

Fornleifaskráning í Vegamótum var gerð af Fornleifastofnun Íslands í árið 2019. Í skýrslunni segir: „Ójöfnur eru víða í túninu og ekki hægt að útiloka að á einhverjum þessara staða gætu leynst mannvistarleifar undir sverði. Af þessum stöðum var bara skráð ein staðsetning, ógreinileg þúst 06 vestarlega í túninu. Þústin er 6,5 x 4 m stór og snýr austur-vestur. Hún er 0,2-0,3 m á hæð. Greinilegt mannvirki hefur verið alveg við eða í skurði þeim sem liggur þvert yfir túnið um miðju þess. Af loftmyndinni frá 1958 að dæma var mannvirkið lítið (2-3 m í þvermál) og hugsanlega uppmjótt. Mögulegt er að þarna hafi verið vindrella eða e.k. varða. Nú er svæðið grænt og talsvert“ (Gylfi Helgason o.fl. 2019, bls. 23-26). Frekari upplýsingar má finna í skýrslunni „Fornleifaskráning vegna breytinga á Norðausturvegi yfir brekknaheiði í Langanesbyggð. FS770-19321“.

## **Pórshöfn 2761-29 (2160-17)**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Hættumat:** Engin hætta

## **Staðhættir**

Um 45m suðaustan við útihús [2761-24] er þúst (kort 2).

## **Lýsing**

Fornleifaskráning í Vegamótum var gerð af Fornleifastofnun Íslands í árið 2019. Ekkert kemur fram um þessa þúst nema að hún er merkt á yfirlitskortinu (Gylfi Helgason o.fl. 2019, bls. 23).

## **Pórshöfn 2761-30 (2160-18)**

**Hlutverk:** Heimreið

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Engin hætta

## **Staðhættir**

Rétt vestan við híbýli [2761-23] var leið (kort 2).

## **Lýsing**

Fornleifaskráning í Vegamótum var gerð af Fornleifastofnun Íslands í árið 2019. Í skýrslunni segir: „Vegarslóði hefur legið heim að bæ frá þjóðvegi ... Að húsinu hefur legið vegslóði, meðfram skurði nyrst í túninu og má enn sjá móta fyrir honum 06. Frá þessu svæði og til vesturs niður túnið, samsíða skurði norðan við, liggur malarvegur, að þjóðveg 08“ (Gylfi Helgason o.fl. 2019, bls. 23-26). Frekari upplýsingar má finna í skýrslunni „Fornleifaskráning vegna breytinga á Norðausturvegi yfir brekknaheiði í Langanesbyggð. FS770-19321“.

## **Pórshöfn 2761-31**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta

## **Staðhættir**

Um 25m vestan við þjóðveginn og um 185m suðvestan við íbúðarhúsið Ásgarð er tóft (kort 2).



Mynd 4. Tóft 2761-31.

## **Lýsing**

Tóftin er um 6 x 9m að utanmáli, liggur N-S og er grasi gróin. Veggir eru allt að 50cm á hæð og allt að 3m á breidd. Hlutverk tóftar er óþekkt.

## **Pórshöfn 2761-32**

**Hlutverk:** Vegur

**Tegund:** Gata

**Hættumat:** Engin hætta

**Staðhættir**

Gamli þjóðvegurinn liggur meðfram sjónum um 15m vestan við núverandi þjóðveg rétt norðan við Fossá (kort 2).

### **Lýsing**

Gamli þjóðvegurinn er grasi gróinn, 45m langur, um 5m á breidd og liggur NNA-SSV (kort 2).

### **Aðrar upplýsingar**

Í Langnesingesögu segir: „Sama ár [1851] var brú í landi Ytribrekka endurbætt og ruddur vegur meðfram sjónum“ (1998, bls. 265).



Mynd 5. Vegur 2761-32, horft til SSV.

## **Pórshöfn 2761-33**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Púst

**Hættumat:** Engin hætta

Um 35m austan við þjóðveginn og um 65m norðan Fossár er þúst (kort 2).

### **Lýsing**

Þústin er 2 x 3m að utanmáli, um 50cm á hæð og liggur V-A. Hlutverk er óvist og hugsanlega er um náttúrulegt fyrirbæri að ræða.



Mynd 6. Þúst 2761-33, horft til austurs.

## **Pórshöfn 2761-34**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Púst

**Hættumat:** Engin hætta

### **Staðhættir**

Um 60m austan við þjóðveginn og um 60m norðan Fossár er þúst (kort 2).

### **Lýsing**

Pústin er 2 x 3m að utanmáli, um 50cm á hæð og liggar NV-SA. Steinar sáust í þústinni. Hlutverk er óvist en hugsanlega er um náttúruleg fyrirbæri að ræða.



*Mynd 7. Púst 2761-34, horft til norðvesturs.*

## **Pórshöfn 2761-35**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Púst

**Hættumat:** Engin hætta

### **Staðhættir**

Um 85m austan við þjóðveginn og um 60m norðan við Fossá er þúst (kort 2).

### **Lýsing**

Pústin er um 2m í þvermál og um 50cm á hæð. Hlutverk er óvist en hugsanlega er um náttúrulegt fyrirbæri að ræða.



*Mynd 8. Púst 2761-35, horft til norðausturs.*



Mynd 9. Minjar 2761- 36-38.

## Pórshöfn 2761-36

**Hlutverk:** Kuml?

**Tegund:** Þúst

**Hættumat:** Engin hætta

### Staðhættir

Á hrygg tæplega 25m norðan við Fossá og 165m austan við þjóðveginn er þúst (kort 2).

### Lýsing

Þústin er um 2,5 x 6m að utanmáli og er grasi og mosa gróin. Í henni eru tvær dældir. Þústin snýr NV-SA og liggar við götu sem skráð er nr. [2761-38] og skammt frá Fossá sem var landamerki milli Syðra-Lóns og Ytribrekna. Staðsetning og form þústarinnar benda til að þarna geti verið heiðin gröf en um slíkt er ekki hægt að fullyrða nema með frekari rannsókn.



Mynd 10. Kuml? 2761-36, horft til suðurs.

## **Pórshöfn 2761-37**

**Hlutverk:** Kuml?

**Tegund:** Púst

**Hættumat:** Engin hætta

### **Staðhættir**

Á hrygg tæplega 35m norðan við Fossá, 110m austan við þjóðveginn og um 55m vestan við meint kuml [2761-36] er önnur þúst (kort 2).



Mynd 11. Kuml? 2761-37, horft til ANA.

### **Lýsing**

Pústin er grasi og mosa gróin en er ekki greinileg eins og þúst [2761-36]. Hún er um 2m að þvermáli og er hugsanlega náttúrulegt fyrirbrigði. Staðsetning þústar gæti bent til þess að um kuml sé að ræða en ekki er hægt að fullyrða um slíkt án frekari rannsókna.

## **Pórshöfn 2761-38**

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Gata

**Hættumat:** Engin hætta

### **Staðhættir**

Um 25m norðan við Fossár, samsíða ánni er gata.

### **Lýsing**

Gatan sem er gróin er um 75m löng (kort 2).

### **Aðrar upplýsingar**

Í Langnesingasögu segir: „Farið var um Brekknaheiði þegar farið var af Langanesi og úr Þistilfirði austur á land. Lagt var upp frá Jaðri skammt sunnan Þórshafnar, farið upp með Fossá og suður fyrir Þernuvatn og niður í Finnavfjörð“ (1998, bls. 263).



Mynd 12. Leið 2761-38, horft til austurs.

## **Pórshöfn 2761-39**

**Hlutverk:** Fjárhús, hlaða

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Engin hætta

## Staðhættir

Fjárhúsið og hlaðan stóðu austan við íbúðarhúsi á Sunnuvegi 3 (kort 2).

## Lýsing

Fjárhúsið og hlaðan voru rifin í lok 8. áratugarins. Byggingarár hússins er óvist en fyrsti eigandi þess fluttist á Þórshöfn 1915. Húsin voru úr timbri og eru horfin en voru staðsett eftir loftmynd frá 1958 (LMÍ).

## Samantekt

Alls voru skráðar 39 minjar innan deiliskipulagssvæðanna tveggja. Heildaryfirlit yfir þessar minjar er að finna í fylgiskjölum aftast í skýrslunni. Þær minjar sem skráðar voru á vettvangi eru hefðbundnar minjar sem flestar tengjast búsetu og atvinnuvegum í kaupstaðnum en einnig eru minjar sem tengjast landbúnaði og samgöngum. Innan deiliskipulagssvæðis á hafnarsvæði Þórshafnar fer fram fjölbreytt hafnarstarfsemi og svæðið er þegar þétt byggt og auk þess með hafskipabryggju, löndunar- og flotbryggju fyrir smábáta. Þarna er landslag því mikið breytt frá því sem var og allar þekktar minjar innan svæðisins, alls 17, eru horfnar. Þessar minjar voru trébryggja/ur, lending og uppsátur, hús, bæði íbúðar- og atvinnuhúsnæði tengd verslun og sjósókn. Í töflu 1 má sjá yfirlit yfir þessar minjar, sérheiti og hlutverk þeirra og aldur.

Tafla 1. Minjar innan hafnarsvæðis Þórshafnar.

Nr.	Sérheiti	Hlutverk	Byggingarár/aldur	Rifið/horfið
2761-1		Lending	800?	1938?
2761-2		Uppsátur	800?	1938?
2761-3	Félagsbryggja (frá 1918)	Bryggja	1899?	1961
2761-4	Kaupfélagsbryggja	Bryggja	1911/1919	1961
2761-5	Skemman	Skemma, híbýli	1880	1977
2761-6	Jóhannshús/Ingimarshús	Verslun, híbýli	1886	1976
2761-7	Pöntunarhúsið	Geymsla	1895	1968

2761-8	Verslunarhús Ørum & Wulf/Félagahús	Verslun, híbýli	1897	1966
2761-9	Pakkhusið/Glæpaloftið	Geymsla	1899	1990
2761-10		Slá turhús, fjárrétt	1900	?
2761-11		Mörbræðsluhús, fiskihús	1900	?
2761-12	Friðrikshús/Porsteinhús/Birkihlíð	Híbýli	1899	1948
2761-13	Ágústshús	Þurrabúð, híbýli	1901	?
2761-14	Björnshús/Helgahús/Hafblik	Verslun, híbýli	1906	1990
2761-15	Porsteinsverslun	Verslun	1910	1956
2761-16	Brimborg	Læknishús, híbýli	1910	1986
2761-17	Búðardalur/Meyjarland	Verslun, salthús	1884	1993

Innan deiliskipulagsreits Suðurbæjar Þórshafnar voru skráðar 22 minjar. Húsið Garður [2761-18] og tilheyrandi fjós [2761-19] stóðu suðaustan við Plássið og fjárhús og hlaða [2761-39] stóðu þar sem er nú Sunnuvegur 3. Allir þessir þrír minjar eru horfnir vegna síðari tíma framkvæmda. Fornbýlið Hrossavellir [2761-20] sem getið er í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín kemur ekki fyrir í öðrum rituðum heimildum. Aftur á móti er getið um býlið Fossvelli, bæði í örnefnaskrám og Sýslu- og sóknarlýsingum og er líklega um eitt og sama fornþýlið að ræða. Leifar býlis, sem hugsanlega eru af Hrossavöllum/Fossvöllum eru rétt utan við skráningarsvæðið, þar sem nú er Spennistöð RARIK. Þær minjar voru skráðar af starfsmönnum Fornleifastofnunar árið 2019 í tengslum við fornleifaskráningu vegna breytinga á Norðausturvegi yfir Brekknaheiði (Helgason o.fl. 2019). Mógrafir [2761-21] eru rétt vestan við áðurnefnda spennistöð.

Torfbærinn Vegamót [2761-23] stóð um 115m sunnan við íbúðarhúsið Ásgarð og hefur nýlega verið sléttáð yfir leifar býlisins. Þrjár þústir [2761-33-35] fundust í túninu sunnan Vegamóta sem hugsanlega eru leifar mannvirkja og ein þúst var áður skráð (2019) [2761-22] norðarlega

í túninu. Vestan Vegamóta, við sjóinn er tóft [2761- 31] með óþekktu hlutverki og þar eru einnig leifar gamla þjóðvegarins [2761- 32]. Norðan Fossár eru tvær þústir [2711-36-37] og bendir bæði útlit og staðsetning minjanna til þess að þarna séu mögulega heiðnar grafir (kuml). Norðan Fossár var einnig skráð gata [2711-38] sem gæti verið gömul reiðleið.

### **Um hættumat minja**

Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um framtíðaruppbryggingu innan deiliskipulagssvæðanna tveggja og því var hættumat minja metið út frá þeirri hættu sem steðjaði að minjum þegar skráning fór fram. Hættumat minja þyrfti því að endurskoða þegar frekari upplýsingar um framkvæmdir innan svæðanna liggja fyrir. Þar sem fornleifaskráning er fyrirliggjandi er hægt að taka tillit til minja við deiliskipulag. Í 22. gr. laga um menningarminjar (nr. 80 29. júní 2012) er skilgreint 15m friðhelgað svæði umhverfis friðaðar minjar (þ.e. minjar eldri en 100 ára), nema að annað sé ákveðið.

### **Niðurlag**

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra horfinna minja er þekkt. Þess ber að geta að minjar geta leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

## Heimildaskrá

**DI II:** *Íslenskt fornbréfasafn – Diplomatarium Islandicum II.* Hið íslenzka bókmenntafélag: Kaupmannahöfn, 1888.

**LS I:** Friðrik G. Olgeirsson. *Langnesingasaga. Fyrsta bindi: Saga byggðar á Langanesi frá landnámi til 1918.* Reykjavík: Þórshafnarhreppur, 1998.

**LS II:** Friðrik G. Olgeirsson. *Langnesingasaga. Annað bindi: Saga byggðar á Langanesi frá 1918 til 2000.* Reykjavík: Þórshafnarhreppur, 2000.

Gréta Bergrún Jóhannesdóttir. „Þórshöfn sem var.“ Þekkingarnet Þingeyja. Sveitarfélagið Langanesbyggð. Kort, 2011.

Gylfi Helgason, Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Kristborg Þórsdóttir. „Fornleifaskráning vegna breytinga á Norðausturvegi yfir Brekknaheiði í Langanesbyggð.“ Fornleifastofnun Íslands skýrsla FS770-19321. Reykjavík, 2019.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín XI: Þingeyjarsýsla.* Hið íslenzka fræðafélag: Kaupmannahöfn, 1943.

Johnsen, J. *Jarðatal á Íslandi.* Hið íslenzka bókmenntafélag: Kaupmannahöfn, 1847.

*Landnátabók. Íslendingasögur. I. Landssaga og landnám.* Íslendingasagnaútgáfan: Reykjavík, 1946.

*Ný jarðabók fyrir Ísland.* Kaupmannahöfn, 1861.

Teikn á lofti ehf. „Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027.“ 2012, uppfærð 2013.

*Þingeyjarsýslur: Sýslu- og sóknalýsingar 1839–1844.* Ritnefnd: Björn Hróarsson, Heimir Pálsson og Sigurveig Erlingsdóttir. Sögufélag: Reykjavík, 1994.

## Örnefnaskrá

Örnefnaskrá Syðra-Lóns. Ari Gíslason og Skúla Skúlason skráðu eftir frásögn Vilhjálms Guðmundssonar og Ingimars Baldvinssonar. Örnefnastofnun Íslands.

### Stafrænar heimildir

Friðrik G. Olgeirsson. Þórshöfn á Langanesi 150 ára. Í Morgunblaðið, Lesbók. 3. ágúst 1996.  
Sótt af: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/279898/>. Skoðað þann 12.05.2022.

Landmælingar                    Íslands.                    Loftmynd                    Þórshöfn                    1958.


[https://atlas.lmi.is/getfile/loftmynd.php?id=/opt/tier3/loftmyndir/loftmvolma/loftmvolm11/loftm\\_vol\\_11/quickview/LI239-LI2-9095](https://atlas.lmi.is/getfile/loftmynd.php?id=/opt/tier3/loftmyndir/loftmvolma/loftmvolm11/loftm_vol_11/quickview/LI239-LI2-9095)

# Fylgiskjöl


## Fornleifar í Þórshöfn og suðurbærinn – hnitaskrá

Númer	Jörð	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Austun	Norðun
2761-1	Þórshöfn		Lending	Heimild	800?	1938?	Horfin	Engin hætta	?	?
2761-2	Þórshöfn		Uppsátur	Heimild	800?	1938?	Horfin	Engin hætta	?	?
2761-3	Þórshöfn	Félagsbryggja (frá 1918)	Bryggjur	Heimild	1899	1961	Horfin	Engin hætta	664955	638191
2761-4	Þórshöfn	Kaupfélagsbryggja	Bryggja	Heimild	1911/ 1919	1961	Horfin	Engin hætta	?	?
2761-5	Þórshöfn	Skemman	Skemma, híbýli	Heimild	1880	1977	Horfin	Engin hætta	664967	638263
2761-6	Þórshöfn	Jóhannshús/Ingimarsbú	Verslun, híbýli	Heimild	1886	1976	Horfin	Engin hætta	664942	638211
2761-7	Þórshöfn	Pöntunarhúsið	Geymsla, híbýli	Heimild	1895	1968	Horfin	Engin hætta	664932	638224
2761-8	Þórshöfn	Verslunarhús Ørum & Wulf/Félagahús	Verslun, híbýli	Heimild	1897	1966	Horfin	Engin hætta	664957	638197
2761-9	Þórshöfn	Pakkhusið/Glæpaloftið	Geymsla	Heimild	1899	1990	Horfin	Engin hætta	664968	638193
2761-10	Þórshöfn		Sláturnarhús, fjárrétt	Heimild	1900	?	Horfin	Engin hætta	664963	638191
2761-11	Þórshöfn		Mörbraeðsluhús, fiskihús	Heimild	1900	?	Horfin	Engin hætta	664974	638192
2761-12	Þórshöfn	Friðrikshús/Porsteinsbú/ Birkhlíð	Híbýli	Heimild	1899	1948	Horfin	Engin hætta	664939	638259
2761-13	Þórshöfn	Ágústshús	Þúrrabúð, híbýli	Heimild	1901	?	Horfin	Engin hætta	664938	638306
2761-14	Þórshöfn	Björnshús/Helgahús/ Hafblik	Verslun, híbýli	Heimild	1906	1990	Horfin	Engin hætta	664957	638265
2761-15	Þórshöfn	Porsteinsverslun	Verslun	Heimild	1910	1956	Horfin	Engin hætta	664887	638219
2761-16	Þórshöfn	Brimborg	Læknishús, híbýli	Heimild	1910	1986	Horfin	Engin hætta	664844	638233
2761-17	Þórshöfn	Búðardalur/Meyjarland	Verslun, salthús	Heimild	1884	1993	Horfin	Engin hætta	664961	638282
2761-18	Þórshöfn	Garður	Híbýli	Heimild	1925	1970	Horfin	Engin hætta	665319	638018
2761-19	Þórshöfn		Fjós	Heimild	1925	1970	Horfin	Engin hætta	665319	638021

Númer	Jörð	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Austun	Norðun
2761-20	Pórshöfn	Hrossavellir/Fossvellir	Býli	Heimild	16. öld	17. öld	Ómetið	Ómetið	665750	637815
2761-21	Pórshöfn		Mógrafir	Náma	1900	1950	Vel greinanleg	Engin hætta	665709	637808
2761-22	Pórshöfn		Óþekkt	Púst	800	1900	Greinanleg	Engin hætta	665654	637678
2761-23	Pórshöfn	Vegamót	Býli	Heimild	1937	2000	Horfin	Engin hætta	665583	637606
2761-24	Pórshöfn		Úтиhús	Heimild	1937	2000	Horfin	Engin hætta	665590	637607
2761-25	Pórshöfn		Matjurtagarður?	Heimild	1937	2000	Horfin	Engin hætta	665603	637602
2761-26	Pórshöfn		Óþekkt	Púst	800	1937	Greinanleg	Engin hætta	665585	637591
2761-27	Pórshöfn		Úтиhús	Púst	1937	2000	Greinanleg	Engin hætta	665565	637598
2761-28	Pórshöfn		Óþekkt	Púst	800	1900	Greinanleg	Engin hætta	665499	637544
2761-29	Pórshöfn		Óþekkt	Púst	800	1900	Greinanleg	Engin hætta	665603	637560
2761-30	Pórshöfn		Heimreið	Leið	1937	2000	Greinanleg	Engin hætta	665544	637611
2761-31	Pórshöfn		Óþekkt	Tóft	800	1950	Ill greinanleg	Engin hætta	665434	637616
2761-32	Pórshöfn		Vegur	Gata	1851	1950	Vel greinanleg	Engin hætta	665438	637428
2761-33	Pórshöfn		Óþekkt	Púst	800	1900	Greinanleg	Engin hætta	665506	637449
2761-34	Pórshöfn		Óþekkt	Púst	800	1900	Greinanleg	Engin hætta	665529	637452
2761-35	Pórshöfn		Óþekkt	Púst	800	1900	Greinanleg	Engin hætta	665552	637447
2761-36	Pórshöfn		Kuml	Púst	800	1000	Vel greinanleg	Engin hætta	665630	637415
2761-37	Pórshöfn		Kuml	Púst	800	1000	Greinanleg	Engin hætta	665572	637414
2761-38	Pórshöfn		Leið	Gata	800	1900	Ill greinanleg	Engin hætta	665636	637408
2761-39	Pórshöfn		Fjárhús, hlaða	Heimild	1915?	1980	Horfin	Engin hætta	665376	638185



Kort 1. Yfirlitsmynd yfir minjar innan hafnarsvæðis.



Kort 2. Yfirlitsmynd yfir minjar innan suðurbæjarsvæðis.